

Jafnréttisáætlun sveitarfélaganna Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

2022 - 2026.

Jafnréttisstefna sveitarfélaganna

Allir sem búa og starfa í sveitarfélögum fjórum, Árneshreppi, Kaldrananeshreppi, Reykhólahreppi og Strandabyggð, skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ættneris, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Hugað skal sérstaklega að því að stuðla að jöfnum rétti karla og kvenna og vinna gegn stöðnuðum hugmyndum um hlutverk kynjanna sem hefta frelsi einstaklingsins til að geta notið sín á þeim sviðum sem slíkar staðalímyndir ná til.

Í janúar 2022 var skiptingin á milli kynja í þessum 4 sveitarfélögum eftirfarandi: (nýjar íbúatölur)

1. janúar 2022	Karlkyn	Kvenkyn	Alls
Árneshreppur	25	15	40
Kaldrananeshreppur	60	50	110
Reykhólahreppur	120	120	240
Strandabyggð	220	200	420

Í jafn fámennum sveitarfélögum og þessum fjórum er skiptingin milli kynja frekar jöfn. Hlutast er til um að fá hæfasta starfsfólkið á staðnum til að sinna verkefnum en alltaf með kynjajafnréttið í huga.

Í 12. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla kemur fram að sveitarstjórnir skulu, að loknum sveitarstjórnarkosningum, skipa jafnréttisnefndir sem hafi með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum. Með jafnréttismál sveitarfélaganna fer Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps sem jafnframt ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps er samansett af kjörnum fulltrúum og situr einn fulltrúi fyrir hvert sveitarfélag nema Strandabyggð þar sem 2 fulltrúar sitja.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun þessi tekur til starfsemi sveitarfélaganna fjögurra, allra starfsmanna, stjórnkerfis og þjónustu sem þau veita. Jafnréttisáætlun skal vel kynnt og skal vera aðgengileg öllum á heimasíðum þeirra sveitarfélaga sem eru með vefsíður.

Launajafnrétti

Sveitarfélögin fjögur leggja áherslu á að öll kyn fái jöfn laun og kjör fyrir sömu störf. Útbúnar verða starfslýsingar og lögð áhersla á að jafnt sé skipað í stjórnir og nefndir innan sveitarfélaganna sbr. 15.gr. jafnréttislaganna um nefndir, ráð og stjórnir. Í atvinnuauglýsingum skal hvetja öll kyn til að sækja um störf sem auglýst eru. Stuðla skal að því að störf flokkist ekki sem hefðbundin kvenna eða karlastörf. Við ákvörðun launa sem og fríðinda vegna vinnu skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Gæta skal þess að ytri aðstæður s.s. efnahagur, fötlun eða búseta hindri fólk ekki í störfum hjá sveitarfélögunum fjórum.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Öll kyn skulu hafa jafnan aðgang að því að sækja námskeið sem og njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar sbr. 20. gr. jafnréttislaga. Við ráðningar í vinnu innan sveitarfélaganna skal taka tillit til og alltaf hafa í huga að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum.

Fræðsla

Stjórnendur grunnskóla og leikskóla innan sveitarfélaganna fjögurra eru hvattir til að vinna markvisst að eflingu fræðslu um jafnréttismál í skólastarfinu og huga að vinnslu gegn neikvæðum staðalímyndum kynjanna sbr. 23.gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt allra kynja. Með þessu er unnið að því að virkja öll kyn til þátttöku í samfélaginu og búa þau betur undir fjölskyldu- og atvinnulíf. Gæta þarf að því að námsefni feli ekki í sér kynjamismunun sbr. 23. gr. laga um jafnrétti kynjanna.

Stjórnsýsla

- Hlutfall milli kynja í nefndum, ráðum og starfshópum á vegum sveitarfélaganna skal vera sem jafnast sbr. 15.gr. jafnréttislaga.
- Við auglýsingar á lausum stöðum á vegum sveitarfélaganna skal þess gætt að auglýsing geri ekki upp á milli kynja. Við ráðningu skal fylgja jafnréttislögum en þar er leitast við að jafna stöðu kynjanna á atvinnumarkaði.

Samræming fjölskyldu og atvinnulífs.

- Auðvelda skal fólki að samræma atvinnu og fjölskyldulíf
- Sveitarfélögin fjögur hvetja til þess að öll kyn nýti sér rétt til fæðingarorlofs. Með þessu er stuðlað að jafnrétti kynjanna og skiptingu þeirra á vinnustað og foreldrum og

forráðamönnum gert kleift að njóta þess að annast börnin sín stuttu eftir fæðingu þeirra.

- Gengið er út frá því að foreldrar og forráðamenn hvers kyns sem er skipti með sér fjarveru vegna veikinda barna þeirra.

Tómstunda- íþróttá- og menningarmál

Sveitarfélögin fjögur leggja ríka áherslu á að öllum séu veitt sömu tækifæri til íþróttaiðkunar, tómstunda og menningar. Einnig skal hvetja félagasamtök á stöðunum til þess sama. Kynin skulu sitja jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþróttaiðkunar, menningar og tómstundastyrkja. Þess skal gætt að öll kyn hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

Kynbundið ofbeldi og áreitni

Kynbundið ofbeldi er skv. skilgreiningu laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 „ofbeldi á grundvelli kynferðis sem gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolenda, einnig hótun um slíkt“.

Kynferðisleg áreitni er skv. skilgreiningu sömu laga „ ósanngjörn eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að skýrt sé gefið í skyn að hegðun sé óvelkomin“.

Jafnréttisáætlun þessi tekur einnig til beinnar og óbeinnar mismununar á grundvelli laganna og á við alla íbúa sveitarfélaganna fjögurra. Leita skal til félagsmálastjóra til upplýsinga og leiðbeiningar ef slíkt kemur upp á vinnustöðum.

Komi upp rökstuddur grunur um kynbundið ofbeldi og/eða kynferðislega áreitni innan sveitarfélagsins verður þeim málum komið í farveg hjá félagsþjónustunni skv. viðbragðsáætlun sveitarfélaganna.

AÐGERÐAÁÆTLUN

1. Hlutfall kynja í sveitarfélögunum

1	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
1.1	Að jafna hlutfall kynja á vinnustöðum sveitarfélaganna	Við ráðningar innan sveitarfélaganna verður tekið tillit til hlutfalls kynjanna innan sveitarfélaganna og ráðið í samræmi við það.	Sveitarstjórar	Í sífældri þróun

1.2	Að jafna hlut allra kynja í þátttöku innan sveitarfélaganna.	Jafna þarf hlut kvenna og karl í nefndum og ráðum innan sveitarfélaganna eins og hægt er sbr. 15.gr. Jafnréttislaganna og taka tillit að um fleiri kyn getur verið að ræða.	Sveitarstjórar	Í sífældri þróun
------------	--	---	-----------------------	-------------------------

2. Launajafnrétti

2	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
2.1	Að öll kyn njóti sömu kjara og fái sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.	Skrifstofustjórar/Oddvitar bera saman laun. Ef um launamisrétti er að ræða mun sveitarstjóri verða upplýstur um stöðuna.	Skrifstofustjórar/sveitarstjórar	Fyrir febrúar lok ár hvert
2.2	Að starfslýsingar séu til fyrir öll störf hjá sveitarfélögunum fjórum skv. starfsmatskerfi Sambands íslenskra sveitarfélaga.	Útbúa starfslýsingar fyrir hvert starf og bæta inn í skipurit	Forstöðumenn hvers sviðs	Árslok 2023 og svo þróun

3. Starfsþjálfun og endurmenntun

3	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
3.1	Að tryggja að starfs- og endurmenntun sé aðgengileg öllum kynjum.	Samvinna við Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Sveitarstjórar	Árlega

3.2	Að tryggja endurmenntun og starfsþjálfun starfsmanna	Að aðgengi að upplýsingum um endurmenntun sé tryggð.	Forstöðumenn og sveitarstjórar eru ábyrgir fyrir að miðla upplýsingum um endurmenntun til sinna undirmanna.	ágúst ár hvert
-----	--	--	---	----------------

4. Fræðsla

4	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
4.1	Stuðla að jafnri fræðslu til allra kynja innan skóla og leikskóla	Kynna áætlun þessa fyrir leikskóla og skólastjórnendum	Fræðslunefndir/Sveitarstjórar	september 2023
4.2		Kalla eftir greinargerð um stöðu jafnréttisfræðslu og stefnu í þeim málum innan skólanna og leikskólanna	Fræðslunefndir/sveitarstjórar	september 2023

Tómstunda-, íþróttta- og menningarmál.

5	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
5.1	Öll kyn skulu vera jöfn hvað varðar fjárveitingar til íþróttaiðkunar	Gera skal úttekt á fjárveitingum til ungmenna sl. 5 ár m.t.t. kynjajöfnun.	Tómstunda og menningarráð Sveitarstjórar	september 2023
5.2	Gæta skal að öll kyn hafi sömu möguleika á sumarstörfum á vegum sveitarfélaganna	Hafa í huga þegar ráðið er í sumarstörf að gæta að kynjajöfnun	Forstöðumenn/sveitarstjórar	april hvert ár

6. Samræming fjölskyldu og atvinnulífs

6.	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
5.1	Að koma til móts við starfsmenn sem þurfa	Skapa sveigjanlegan vinnutíma og vinnuáðstæður sé þess kostur.	Forstöðumenn/sveitarstjórar	Stöðug þróun

	sveigjanleika í starfi			
5.2	Að njóti fæðingarorlofs og skipti með sér fjarveru vegna veikinda barna	Kynningar á réttindum og skyldum starfsmanna vegna fæðingarorlofs og veikindafria barna	Sveitarstjórar	Annað hvert ár

7. Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
6.1	Að fyrirbyggja kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti hjá sveitarfélögunum fjórum	Fræðsla á hvað kynferðisleg og kynbundin áreitni felur í sér og hvaða áhrif hún hefur á þolanda slíks.	Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps / sveitarstjórnir og millistjórnendur	Stöðugt mat og þróun viðbragðsáætlunar
6.2				Viðbragðsáætlun

Sveitarfélögin fjögur hvetja fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaganna til að veita þeim einstaklingum sem stuðla með markvissum hætti að jafnrétti á sínum vinnustöðum eða í samfélaginu viðurkenningar vegna þeirrar vinnu.

Áætlun þessi er endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils

Samþykkt af Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps þann 13. janúar 2022